

50. fundur stjórnar Brunavarna á Austurlandi, Lyngási 12 Egilsstöðum, 05.02 2019, kl. 10:00

Mættir stjórnarmenn: Björn Ingimarsson, Jón Þórðarson, Gauti Jóhannesson og Aðalheiður Borgþórsdóttir. Þór Steinarsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir voru í síma.

Einnig sátu fundinn Baldur Pálsson slökkviliðsstjóri og Haraldur Geir Eðvaldsson varaslökkviliðsstjóri.

Björn stjórnaði fundi og Gunnþórunn ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur 2018.

Drög að ársreikningi lögð fram til kynningar.

2. Ársskýrsla 2018.

Drög að ársskýrslu lögð fram til kynningar. Fram kemur í skýrslunni að óvenju fá útköll hafi verið á árinu Stærstur hluti sjúkraflutninga hafi verið vegna stofnanaflutninga. Það hafi tekist að halda fyrirhuguðu æfingaplani slökkviliðanna og mæting slökkviliðsmanna á æfingar 69%-90%, ýmsar skýringar kunna að vera á því að mæting sé ekki 100 % s.s. veikindaforföll. Ekki hefur unnist tími til að fullvinna atvinnuhúsaskrá og eldvarnareftirlit gæti verið í betra horfi , s.s. of mörg mál á úrbótafræstum.

Endanleg ársskýrsla verður lögð fyrir stjórn til afgreiðslu , samhliða ársreikningi .

3. Brunavarnaráætlun

Mannvirkjastofnun hefur ráðið fyrirtækið Eldor til að vinna leiðbeiningar fyrir gerð brunavarnaráætlana. Brunavarnir á Austurlandi hefur verið valin til að vinna með Eldor og eru fulltrúar frá Eldor væntanlegir austur á næstu dögum.

Hvað varðar stöðu brunavarnaráætlunar Brunavarna á Austurlandi gera slökkviliðsstjórar ráð fyrir að hún fari til afgreiðslu aðildarsveitarfélaga á næstu mánuðum.

4. Auglýsing um starf slökkviliðsstjóra.

Baldur sem starfað hefur sem slökkviliðsstjóri frá stofnun Brunavarna á Austurlandi 2006, lætur af störfum í lok júlí. Drög að auglýsingu um starf slökkviliðsstjóra lögð fyrir fundinn. Skv. auglýsingu er gert ráð fyrir að nýr slökkviliðsstjóri komi til starfa eigi síðar en í byrjun júlí. Starfsstöð er á Fljótsdalshéraði. Formanni falið að sjá um að auglýsa starfið.

5. Önnur mál

Gert er ráð fyrir að þegar stjórn kemur næst saman, verði það m.a. til að fjalla um ársreikning, ársskýrslu og umsóknir um starf slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið kl. 10:45